Grjótkelduflói á Akranesi

- Deiliskráning fornleifa

Adolf Friðriksson

FS948-23261

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Reykjavík 2023

©Fornleifastofnun Íslands 2023

Bræðraborgarstíg 9

107 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 3

Samantekt 4

Inngangur 5

Fyrri athuganir 5

Grjótkelda og Kirkjutungur 6

Fornleifar á skipulagsreit 7

Óskot og Vörðuhús 10

Nýminjar, kílræsla 15

Niðurstöður 16

Viðauki 1. Skrá yfir fornleifar innan deiliskráningarreits 18

Fornleifar innan deiliskipulagsreits ..... **Error! Bookmark not defined.**

Heimildir 17

Samantekt

- Deiliskráning fornleifa í Grjótkelduflóa, Kirkjutungum og Slögu á Akranesi fór fram vorið 2023.
- Við undirbúning skráningarinnar voru helstu heimildir um svæðið athugaðar, þ.m.t. sögulegar heimildir, uppdrættir, loftmyndir, jarðabækur og fyrri skráning fornleifa í sveitarfélaginu.
- Reiturinn liggur nyrst í kaupstaðarlandinu, en tilheyrði áður Skilmannahreppi.
- Skipulagsreiturinn nær að hluta yfir land sem var áður hluti af fornbýlinu Vörðuhúsum og síðar eftirsótt slægjuland með kirkjuítökum og selstöðu, en óbyggt á síðustu öldum.
- Skráning á vettvangi og greining gagna leiddi í ljós sex minjastaði innan skipulagsreits: þar af eru fjórir enn varðveittir (tóftaþyrping, mógrafir, og tvær stakar tófti), en tveir eru horfnir (varða og leið).
- Staðsetning stærstu minjastaðanna, þ.e. Óskots og Vörðuhúsa, er óþekkt, en við rækilega athugun á fyrirliggjandi vísbendingum eru sterkar líkur á að þessar minjar liggi norðan (Óskot) og sunnan (Vörðuhús) við reitinnn.
- Minjar njóta friðunar samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/2012, og Minjastofnun Íslands úrskurðar um gildi þeirra og möguleg áhrif á skipulagsgerð. Deiliskráningin er unnin samkvæmt 16. gr. sömu laga, sem og 4. gr. reglna nr. 620/2019 um skráningu minja vegna deiliskipulagsvinnu.

Inngangur

Þann 28. mars 2023 óskaði Akraneskaupstaður eftir úttekt á fornleifum vegna vinnu við deiliskipulag fyrir Kirkjutungur og Grjótkelduflóa. Að mati Minjastofnunar er fyrirliggjandi aðalskráning fornleifa (2003) ófullnægjandi vegna deiliskipulagsins og uppfæra þarf skráningu svæðisins til samræmis við lög um menningarminjar (nr. 80/2012) og nýja staðla stjórnvalda. Fornleifastofnun Íslands ses tók að sér verkið og var það unnið í tveimur áföngum í apríl og maí 2023.

Í þessari skýrslu er birtur árangur heimildarannsókna og vettvangsathugana.

Fyrri athuganir

Fornleifastofnun Íslands skráði fornleifar í landi Akraneskaupstaðar í júní 1997[1], Innri-Akraneshreppi 2000-2002[2] og Skilmannahreppi 2000-2003[3]. Var skráningin í anda löggjafar sem þá var nýleg um lögbundna skráningu fornleifa vegna aðalskipulagsvinnu og var það fyrsta skráning minja við jaðar bæjarins og jafnframt ein sú fyrsta sem gerð var í þéttbýli. Hafa aðferðir við skráningu, einkum í þéttbýli, sem og löggjöfin breyst talsvert s.l. aldarfjórðung. Áður lögðu stjórnvöld m.a. áherslu á að skrá ætti minjar sem sæjust á yfirborði, en ekki staði sem heimildir væru til um, en væru horfnir og jafnvel eyðilagðir. Síðustu árin hafa þessi viðmið breyst og eru nú skráðar allar þekktar minjar, enda hefur sú skráningaraðferð þann kost að safnað er upplýsingum um minjastaði sem kunna að hafa horfið sjónum, en enn gætu verið varðveittar leifar af undir sverði. Er það í betra samræmi við tilgang laga um fornleifavernd að halda slíkum upplýsingum til haga, en jafnframt kostur fyrir framkvæmdaaðila að lenda síður í töfum vegna óvæntra fornleifafunda við upphaf framkvæmda. Við deiliskráningu minja vorið 2023 var tekið mið af þessum nýju forsendum minjavörslunnar.

---

[1] Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1999). *Akranes. Fornleifaskrá*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, bls. 44-46.
[2] Adolf Friðriksson. *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi*, FS169-00031 Reykjavík 2002.
[3] Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson, *Fornleifar í Skilmannahreppi*. FS203-00033, Reykjavík 2003.

Mynd 001. Myndin sýnir mörk deiliskipulagsreits. (Loftmynd: Loftmyndir 2021 ©).

Auk fornleifaskráningar á þeim jörðum sem varða deiliskipulagsreit þá liggja fyrir nýlegar og vandaðar byggðasögurannsóknir er varða m.a. Ós, Heynes, Ytra-Hólm og Garða[4].

Grjótkelda og Kirkjutungur

Skipulagssvæðið er um 150 ha að stærð og er utan við þéttbýli, nyrst í landi kaupstaðarins. Það er austan með Akrafjallsvegi, nær neðan frá Grjótkeldulæk upp í Efri-Slögu við fjallsrætur og liggur norðanmegin Berjadalsár. Áin hefur að fornu verið landamerki og hreppamörk Akraneshrepps og Skilmannahrepps. Sunnan og vestan liggja Garðar og Ytri-Hólmur, en Ós norðan og austan, að Kirkjutungum frátöldum. Árið 1928 keypti Y-Akraneshreppur Garða og ræmu af Óslandi ofan Grjótkelduskurðar og landið varð hluti Akraneskaupstaðar. Upprunalegt bæjarstæði Óss er óþekkt, en hefur a.m.k. í seinni tíð verið niður við ósinn sem jörðin er kennd við.

[4] Gunnlaugur Haraldsson (1996). Akraneskirkja 1896-1996: ásamt ágripi af sögu Garða og Garðakirkju á Akranesi; sami höf. (2011) *Saga Akraness* I-II.

Þótt að ýmis kennileiti og örnefni í seinni tíð bendi til að svæðið einkennist af keldum og foræði þá er það söguleg staðreynd að þessi skiki var mjög eftirsóknarverður um langan aldur. Þar var forn jörð, Vörðuhús, og þar áttu fjórar kirkjur land eða ítök um tíma, þ.e. Heynes, Innri-Hólmur og Saurbær auk Garðakirkju, enda gjöfult slægjuland[5].

Fornleifar á skipulagsreit

Við undirbúning að skráningu á reitnum vegna deiliskipulags voru ritaðar heimildir athugaðar, ásamt uppdráttum frá 1802 og síðar og loftljósmyndum frá 1942-2020. Á vettvangi var skipulagssvæðið gengið, þekktar minjar staðsettar með hnitum, gerð leit að áður óþekktum minjum og lagt mat á áhrif deiliskipulags á menningarlandslagið sem reiturinn er hluti af. Skal nú greint frá afrakstri þessara athugana, og hefst lýsingin efst á svæðinu.

Reiturinn nær til Slögunnar, þar sem heitir Inn-Slaga, sem aftur skiptist í Efri- og Neðri-Slögu. Þar var slægjuland sem hefur verið breytt að hluta í skógrækt á síðustu árum. Neðan við skógræktina er moldartyppur sem hefur verið notaður frá 2008. Við athugun á loftmyndum frá 1945 til 2008 var kannað hvort minjar hafi lent innan skógræktarreitrs eða undir typpnum, en svo virðist ekki vera. Um Slöguna lá efri leiðin niður á Akranes norðan fjalls (sú neðri í fjörumáli). Ummerki um leiðina (Bo-056:056) sjást ekki lengur, en hún er m.a. sýnd á uppdrætti frá 1802 (Mynd 002).

Mynd 002. Gamall uppdráttur af Grjótkeldu og Kirkjutungu1802, efst er Blautós (Ohlsen 1802, Þjsksj.)

[5] Gunnlaugur Haraldsson (2011) *Saga Akraness*, I. bindi, s. 116 o.áfr.

Á Merkisásum stóðu vörður (Bo-056:060): „á syðsta parti Slögunnar fylgja þau [þ.e. landamerki Garða og Ytra-Hólms 1890] vörðum, er bera hver í aðra eftir Merkisásunum svo langt sem syðsti partur Slögunnar nær“[6]. Þessi ummerki fundust ekki við vettvangsathugun.
Neðan við ásana og með austurbakka Berjadalsár er þurr bali. Á honum standa tóftir á 2 stöðum, um 20 m innan (norðaustan) Berjadalsár (Mynd 3). Balinn nær í raun alveg frá Kúafossi við fjallsrætur, þar sem Fosskot stóð og niðurfyrir nefndar tóftir. Sú efri (Bo-056:061) er ógreinileg, snýr SV-NA, um 10x6 m og virðist hún, eða a.m.k. norðurhluti hennar grafinn inn í bakkann. Um 30 m neðar með ánni er stærri tóft (Bo-056:062). Hún virðist skiptast í a.m.k. 2 hólf. Má vera að syðri hlutinn sé leifar mannvirkis sem hafi verið reist ofan í eldri tóftaleifar. Framan við mannvirkjaleifarnar og niður að á er lágur stallur í laginu eins og bugða. Hefur áin verið ágeng og spillt eða eytt fornum mannvirkjum að hluta. Þessar tóftir eru ekki nefndar í fyrirliggjandi heimildum svo vitað sé, en vikið verður nánar að þeim síðar.

Mynd 003. Tóftir við Berjadalsá. Mynd Loftmynda ehf frá 1996 sýnir vel útlínur tóftanna.

[6] Landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu II, nr. 271, dags. 1. júní 1890.

Um allt miðbik skipulagsreitsins, frá Merkisásum og að Grjókeldu er ekki kunnugt um neinar fornleifar. Neðan við Grjótkelduása, við norðurmörk reitsins er aflöng en óregluleg þúst sem gæti verið leifar af tóft en ekki er að sjá neina skýra tóftalögun.

Mynd 004. Tóftaþyrping sunnan við Grjótkeldu. Mynd tekin 14.5.2023 með flygildi FSÍ (bakgrunnur: Loftmyndir ehf)

Neðst á reitnum, niður við Grjótkeldulæk er þyrping af tóftum (Bo-083:017, mynd 4). Um 20 m vestan við þyrpinguna og samsíða henni er ummerki um mógrafir (BO-83:012). Hefur framræsluskurður verið grafinn í gegnum móskurðarsvæðið. Neðan við þyrpinguna og mógrafirnar, en utan skipulagsreits er Móholt. Á holtinu, þ.e. fast neðan við skipulagsreitinn, eru tóftaleifar, ógreinilegar og að hluta uppblásnar, sem er ekki getið í helstu heimildum um Ós eða Garða, en gætu varðað minjar innan reits. Landið næst holtinu er þurrt, en hjá keldunni er

það talsvert þýft og tóftirnar sem mynda þyrpinguna því ógreinilegar. Þær hafa orðið fyrir raski við framræslu og kílplógur dreginm í gegnum þær flestar. Nyrst í þyrpingunni stóð rafmagnsmastur sem var fjarlægt 2021. Var línan færð í jörð en skurður fyrir jarðstreng var grafinn sunnan við minjarnar án þess að raska þeim. Tóftirnar þekja svæði sem er rúmlega hálfur hektari að flatarmáli og eru þær mjög áþekkar; hinar minni eru um 10 m að lengd og 3 m breiðar, en þær stærri allt að 13 m langar og 5 m breiðar. Þær virðast liggja í 3-4 röðum, og er nokkuð jafnt bil á milli þeirra, um 15-20 m. Þessar minjar eru ekki nefndar í þeim heimildum sem kannaðar hafa verið. Þær sjást á loftmynd frá 1954, en ókunnugt er um aldur þeirra og fyrra hlutverk. Tóftaþyrpingin er ólík öðrum minjum sem þekktar eru á Akranesi og nágrenni. Á öðrum stöðum á landinu hafa fundist ekki ósvipuð mannvirki og í sumum tilfellum talin vera heystæði. Það er freistandi að setja þyrpinguna í samhengi við kjarnann í sögu Kirkjutungna og Slægju: Mögulegt er að þeir aðilar sem áttu þar land eða ítök og nýttu engin til sláttu hafi safnað afrakstrinum í tóftaþyrpinguna, og flutt heyið heim um vetur þegar flóinn, hin víðfema torfæra milli engja og byggðar, var ísi lagður.

Óskot og Vörðuhús

Helsti vandinn við mat á áhrifum skipulags og framkvæmda á svæðið liggur í óleystri gátu um staðsetningu tveggja bústaða, Óskots og Vörðuhúsa. Eins hefur vafið leikið á hvar svonenfnda Grænurúst er að finna. Er því mikilvægt að skoða þær vísbendingar sem liggja fyrir.

Í örnefnaskrá Ara Gíslsasonar fyrir Ós er getið Grænurústar, þ.e. tófta beitarhúsa, niður undir Slögunni, n.t.t. í flóanum niður af Tröllahvammi[7]. Grænarúst fannst ekki við aðalskráningu Skilmannahrepps árið 2000. Á örnefnakorti Landmælinga Íslands er „Grænarúst“ sýnd niðurundan Tröllahvammi á stað þar sem engar rústir eru. Við deiliskráningu í Grjótkelduflóa var leitast við að kanna hvort rústin væri innan skipulagssvæðisins: Vorið 2023 fannst loks gróin rústabunga niður af Tröllahvammi sem er efalaust Grænarúst (BO-083:015). Efsti hluti skipulagsreitsins nær yfir miðhluta Slögunnar, en Tröllahvammur er norðan við reitinn. Grænarúst er um 500 m norðan við reitinn og því utan hans. Þá eru eru tvö býli á svæðinu sem er getið í heimildum, en hefur ekki verið unnt að staðsetja, þ.e. Óskot og Vörðuhús.

Á 16. öld eignaðist Saurbæjarkirkja fjórðung af virði Óss og þar reistur bær á 17. öld[8], Óskot (BO-083:016). Svo segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín: "Oskot, partur af

[7] Ö-Ós, 3-4.

[8] Sjá Gunnlaugur Haraldsson (2011) *Saga Akraness*, I. bindi, s. 113 og þau rit sem þar er vísað til.

þessari jörðu úrskiftur fyrir 30 árum, og þar bær gjör sem nú er kotið fáum árum áður."[9] Staðsetning býlisins er óþekkt. Við aðalskráningu fornleifa á jörðinni árið 2000 var gerð leit að þessum minjum en þær fundust ekki. Vorið 2023 var gerð þrautarleit að minjunum, enda mögulegt að þær væru innan skipulagsreits þar eð hann nær yfir u.þ.b. þriðjung gömlu Ósjarðarinnar. Leit á vettvangi og með flygildi bar ekki árangur. Kemur það á óvart enda hefur tiltölulega lítið rask verið á stórum hluta jarðarinnar, einkum austan til, auk þess sem stórar minjar á borð við bústaði eru auðfundnari en aðrar. Hvað sem því líður er mikilvægt fyrir áform um framtíðarráðstöfun lands innan reits að leggja a.m.k. mat á líklega staðsetningu.

Vísbendingar um staðsetningu Óskots eru fáar. Í varðveittum heimildum kemur ekki fram hvar í landi Óss skikinn er, né hvar bærinn stóð. Leiða má líkur að því að Óskot hafi verið norðantil í landi Óss, enda er vísað til landamerkja mót Hvítanesi þegar landaskilin voru lögfest.[10] Að Grænurúst frátalinni, er engin ummerki um forn mannvirki að sjá neðan frá heimatúni Óss og upp undir fjall. Bærinn hefur tæplega staðið upp við fjallsrætur, enda skuggi af Akrafjalli þar árið um kring. Ögn neðar er fyrrnefnd Grænarúst. Nafnið kemur eingöngu fyrir í örnefnaskrá Óss sem var skráð 1966 og byggð á gögnum frá 1943. Það er mjög freistandi að álykta að Óskotsnafnið hafi gleymst og vikið fyrir nafni, sem nú má heita réttnefni, enda er rústin græn. Hugmyndin um að þar hefðu verið beitarhús gæti verið tilraun til skýringar á gleymdum minjum Óskots. Við gömul bæjarstæði er gjarnan kröftugri gróður vegna þeirrar næringar sem fylgir mannvistarleifum. Hefur bænum þá verið vandlega valinn staður við góða vatnsuppsrettu, þ.e. ónefndan læk sem rennur úr Pyttunum fyrir ofan og hjá Grænurúst/Óskotsbæ. Þessi staður hefur aldrei verið rannsakaður en á vettvangi má sjá að þar gætu hafa verið fleiri en ein rúst og jafnvel túnbleðill. Landið er að hluta blásið upp og gæti hafa spillst af skriðum og vatnsaga. Ef þessi ályktun er rétt þá lenda minjar Óskots utan kaupstaðarlands og skipulagsreitsins.

Enn eru heimildir um mun eldri búsetu á þessum slóðum. Í máldögum Heyneskirkju frá 14. öld og síðar segir að kirkjan eigi „vordu hus halftt med ollum gognum og giædum“. Í Jarðabók Árna og Páls segir ennfremur að Heynes eigi „Selstöðu fyrir innan Berjadalsá, þar sem heitir Vörðuhús, forn eyðijörð[11]. Að auki átti Heynes land í Berjadal og hagabeit í Óslandi. Á fyrri hluta 19. aldar var selstaðan þegar niðurlögð en Heynes nýtti landið til slægna og beitar. Ekki kemur fram í heimildum hversvegna þessi jörð lagðist í auðn.

Við fornleifaskráningu á Heynesi árið 2000 var ummerkja um Vörðuhús (Bo-041:020) leitað

[9] JÁM IV, 114.
[10] Sjá Gunnlaugur Haraldsson (2011) *Saga Akraness*, I. bindi, s. 117 og þau skjöl sem þar er vísað til.
[11] JÁM IV, 67.

án árangurs. Heimildir nefna ekki hvar Vörðuhús stóðu, en af samhenginu má ráða að hin forna eyðijörð hafi verið þar sem Heynes hafði selstöðu, ítök og beitilönd, þ.e.a.s. í eða nærri Slögunni og eru minjarnar því líklega innan skipulagsreits eða í jaðri hans[12]. Vorið 2023 var enn leitað ummerkja um Vörðuhús en þau hafa enn ekki fundist. Má það furðu heita, enda var þar byggð um aldir og selstaða fram á 19. öld. Til samanburðar mætti nefna Fosskot þar skammt frá, þar sem eru mjög greinilegar rústir, jafnvel þótt búsetan þar hafi aðeins varað í tvo áratugi. Á þeim svæðum þar sem jarðvegur er grunnur eru fornar minjar oft vel sýnilegar og upplýsingar um þær birtast í heimildum á borð við jarðabækur eða örnefnaskrár. Þar sem jarðvegsmyndun er meiri, verða þær óglöggar eða jafnvel huldar þykkum jarðlögum. Eitt helsta einkenni landslags kringum Akrafjall er að þar er jarðvegur víða djúpur, jafnvel allt að 4-6 metrar, en á milli rísa klapparholt. Mannvirki risu þar sem landið var byggilegast, þ.e. þurrt, t.a.m. nærri sjávarsíðunni, á árbökkum, á skriðum eða við fjallsrætur. Flestar tóftir í flóunum inn á nesinu eru því á eða við klapparholtin. Minjar býlisins Foss, eða Fosskot (BO-045:017) standa á hörðum bala sem er malarframburður frá Berjadalsá, um 400 m sunnan við skipulagsreitinn.

Beggja vegna reitsins eru örnefni sem benda til að á svæðinu hafi verið sel. Brekkan ofan við Foss heitir Selbrekka, og Selhryggur liggur á norðurmerkjum Óss. Hið fyrrnefnda gæti vísað til seinna hlutverks Vörðuhúsa eða jafnvel Garðasels. Vörðuhús hafa væntanlega staðið á þokkalega þurrum stað og því kemur helst til greina að þau hafi staðið á neðsta hjalla Slögunnar eða í slakkanum niðurundan henni. Þar hafa engar minjar fundist og kemur það á óvart þar sem búsetusaga Vörðuhúsa nær aftur til miðalda. Þar sem bæir hafa staðið um aldir safnast jafnan upp umfangsmikil mannvistarlög og sjást á yfirborði sem hólar eða hæðir. Engir bæjarhólar eru sýnilegir nærri Slögunni. Annar möguleiki væri að Vörðuhúsum hafi í öndverðu verið valið bæjarstæði líkt og í Fosskoti, þ.e. á þurrlendinu iður á bökkum Berjadalsár. Álykta mætti að áðurnefndar tóftir (Bo-056:061 og 062) við ána gætu verið leifar Vörðuhúsa eða yngri mannvirki reist á hinu forna bæjarstæði. Þær eru niðurundan Slögunni, þaðan stutt að sækja vatn niður á árbakka og þurrir balarnir gætu mögulega verið túnstæði sem hefur að nokkru verið skert af ánni. Það sem mælir þessu gegn er að tóftirnar eru í Kirkjutungum, og því líklegra að þær varði nýtingu Garða af landinu, enda standa þær andspænis Garðaseli handan ár.

Sjálft nafn fornjarðarinnar felur í sér vísbendingu. Samsetning nafnins bendir til að bæjarhúsin séu kennd við vörðu. Í íslenskri örnefnahefð er „varða“ ekki óalgengt serm fyrri liður í samsettum nöfnum sem vísa gjarnarn til mishæðar í landslaginu. Dæmi um það er að finna um allt land, en í nágrenni Akranes mætti nefna Vörðuás, Vörðuholt, Vörðuhól, Vörðubarð og

[12] Sbr. Gunnlaugur Haraldsson (2011) *Saga Akraness*, I. bindi, s. 58, 116-117.

Vörðubrekku, auk Vörðuhólma í landi Ytra-Hólms og loks er lítið holt í landi Kataness sem kallað er Varða. Reyndar má vera að nafn fornjarðarinnar hafi skolast til í ritheimildum og hún heitað Vörðuás fremur en Vörðuhús. Sumir þessara „Vörðu-„ staða kunna að draga nafn af hlaðinni vörðu eða vörðum, en það er eins líklegt að náttúrumyndanir fái slík heiti vegna þess að þau varða tiltekna leið eða henti sem kennileiti, t.d. á landamerkjum. Önnur skýring getur verið sú að upp úr ásum og holtum standi áberandi nibbur sem minna á vörður. Segja má að engin skortur sé á þessháttar landslagi hringinn í kringum Akrafjall, enda eru auk holta og hóla þar notuð fjölskrúðug heiti yfir mishæðir, s.s. á borð við ása, bríkur, stapa, hnúða, kletta, eða klöpp. Ef svipast er um undirlendið undan Slögunni þá eru Merkisásar næstir henni, en neðar og innar í landinu Grjótkelduásar, sem eru neðan Kirkjutungna og því ekki inni í myndinni. Merkisásar er líklega nýlegt örnefni, þar sem ásarnir draga nafn af því hlutverki sem þeir hafa gegnt í seinni tíð, þ.e. sem kennileiti í landamerkjalýsingum Óss, Garða og Ytra-Hólms. Hafi þetta land áður tilheyrt fornbýlinu Vörðuhúsum, þá hafa ásarnir tæpast verið nefndir eftir merkjum sem eru yngri en byggðin, heldur einhverju öðru, t.d. útlitinu. Þ.a.l. gætu þeir allt eins hafa heitað Varða, eða Vörðuásar. Þar eð bærinn er nefndur eftir vörðu eða ás þá má álykta sem svo að hann hafi staðið nærri Merkisásum.

Mynd 005. Garðasel (vestan ár), tóftir (061 og 062) á austurbakka Berjadalsár, Merkisásar (013) og neðst er Fosskot (017). Loftmyndin A-7911 var tekin um vetur 1965. Sýnir hún vel þurra bakka Berjadalsár en um leið votlendið ofar, áður en það var ræst fram (Myndasafn LMÍ) Áin hefur verið ágeng á grundirnar við Fosskot.

Hvað sem þessum bollaleggingum líður þá er mikilvægt hafa í huga að landið framundan Slögu hefur án efa tekið miklum breytingum frá því bærinn Vörðuhús reis á miðöldum eða fyrr. Berjadalsá var vatnsmeiri áður en hún var nýtt til neysluvatns á Akranesi. Hún rennur í mjög breiðum farvegi sem að auki hefur kvíslast og spillt undirlendinu við bakkana, ekki síst í flóðum í ánni. Til þessa hefur engin skýring verið gefin á hversvegna fornbýlið Vörðuhús fór í eyði. Nær væri að ætla að þar hafi verið ein besta jörðin í sveitinni. Hafi bæjarstæðinu og túnum staðið ógn af Berjadalsá gæti það mögulega hafa verið ein helsta forsenda þess að fornbærinn fór í eyði, en kostajörðin nýtt af öðrum. Er mögulegt að áin hafi jafnvel þegar tekið með sér bæjarstæðið og þ.a.l. hafi örnefnið fallið í gleymsku. Að lokum ber að nefna enn einn möguleika: það er algengt að mannvirki rísi á eldri tóftum. Þ.a.l. er ekki útilokað að Fosskot hafi verið reist á eldri minjum, t.a.m. rústum Vörðuhúsa. Þar fyrir ofan eru ásar sem líkt og Merkisásar eur með áberandi nibbum og stökum klettum á skörðóttri brún og sem sannarlega minna á vörður. Áin rennur í þröngu gljúfri uns hún steypist niður í breiðan hyl og rennur þaðan um flatlendið. Fosskot stendur við gamla bugðu við hylinn og landið í kring er sá staður þar sem áin hefur verið ágengust. Ef hér er rétt ályktað, að Vörðuhús stóðu þar sem nú er Foksskot, myndu framkvæmdir á skipulagsreit ekki hafa nein áhrif á hinar fornu minjar, enda utan reitsins.

Mynd 006.Vörðuhús gætu hafa staðið þar Fosskot reis síðar (loftmynd: ©Loftmyndir ehf 2013).

Nýminjar, kílræsla

Á skipulagsreit eru óvenjulegar rákir í sverðinum. Þær eru samsíða og liggja nokkuð þétt saman, með um 10 m bili. Norðantil liggja þær fá SV til NA, en nánast N-S sunnanmegin á reitum. Minna þessi ummerki á akurlendi. Á miðöldum voru plægðir akrar á Akranesi, væntanlega einkum sunnan við Akrafjall. Hinsvegar eru þessar rákir í landi Óss áreiðanlega frá 20. öld. Er þeirra getið hér til að ekki leiki vafi á um aldur þeirra og tilgang, en að auki er hér um að ræða merkan þátt í íslenskri menningarsögu. Almennt gildir að fornleifar falli undir ákvæði laga um friðun ef þær eru 100 ára eða eldri. Minjavörslunni er heimilt að friða yngri minjar, t.a.m. frá stríðsárunum eða aðrar minjar sem taldar eru hafa sérstakt gildi.

Þegar gengið er um reitinn má sjá talsverð ummerki um framræslu. Á stríðsárunum hófst framræsla Garðaflóa, en hjá Ósi voru einungis grafnir stakir skurðir vestast í Grjótkeldunni þar sem landið var blautast, og árið 1963 var grafinn skurður efst, meðfram fjallsrótum í Slögunni. Um 1970 var allur reiturinn þurrkaður. Grafnir voru skurðir sem enn sjást og liggja upp og niður. Á milli þeirra má sjá votta fyrir áðurnefndum rákum sem ristar hafa verið niður í svörðinn með jöfnu millibili. Eru þetta plógför eftir framræsluaðferð sem reynd var og þá notaður s.k. kílplógur. Þorsteinn Stefánsson, bóndi á Ósi smíðaði frumgerðina, sem síðar var framleidd hjá Vélsmiðjunni Loga á Akranesi[13]. Taldi Verkfæranefnd ríkisins tækið hentugt og afkastamikið[14]. Framræsla lands er stór þáttur í þróun landbúnaðar og setur svo sannarlega mark sitt á íslenskt menningarlandslag, en minjar þar um hafa jafnan ekki verið talda hafa sérstakt varðveislugildi.

Íslenzkur kílplógur.

Borgfirskur hagleiksmaður, Þorsteinn Stefánsson, bóndi á Ósi í Skilmannahreppi, hefur smíðað kílplóg sem er mjög einfaldur að gerð. . . .

Kílplógi þessum er lýst svo: Aðalhlutar hans eru hnífur og kólfur, sem er tengdur neðst á hnífinn með keðju. Hnífurinn er festur í járnramma framan á bogann á TD 14 eða samsvarandi stærð af beltivél. Hnífurinn er 130 sm. langur og mjókkar aftur í odd. Við sívalninginn er svo kólfurinn tengdur.

Mynd 007. Um kílplóginn frá Ósi. Vísir 12.11.1957

[13] „Íslenskur kílplógur", Vísir 266. tbl., 47. árg., 12.11.1957.
[14] Ólafur Guðmundsson, skýrsla um tilraunir og athuganir á árinu 1957. Ársskýrsla Verkfæranefndar ríkisins, Reykjavík 1957.

Mynd 008 Fornleifar á og nærri skipulagsreit (Gögn um minjar: FSÍ. Loftmyndagrunnur: ©Loftmyndir ehf).

Niðurstöður

Niðurstaðan á athugunum á skipulagsreit við Grjótkeldu og Kirkjutungur er í stuttu máli á þá leið að kunnugt er um 8 minjastaði innan eða í námunda við skipulagssvæði. Gömul leið (Bo-056:056) um Slöguna og vörður (Bo-056:060) á Merkisásum eru horfnar. Við Berjadalsá eru tvær tóftir (Bo-056:061 og 62) neðst á reitnum er þyrping af tóftum (Bo-083:017) og ummerki um mótekju (Bo-83:012). Samkvæmt heimildum voru 2 bústaðir sem gætu hafa staðið innan marka reitsins en minjar um þá fundust ekki þrátt fyrir töluverða leit. Í skýrslunni er farið rækilega yfir fyrirliggjandi vísbendingar um staðsetningu. Sterkar líkur eru á að annar þeirra, Óskot (Bo-083:016) sé einfaldlega sami staður og minjar sem a.m.k. í seinni tíð eru kallaðar

Grænarúst. Ef minjar Vörðuhúsa (Bo-041:020) kæmu í leitirnar væri það merkur fundur því sú jörð er forn, fór í eyði fyrir margt löngu og lítið er um þá búsetu vitað. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er líklegt að þessi fornbær hafi staðið á þurrlendinu nærri Berjadalsá, eða jafnvel þar sem Fosskot var reist í lok 19. aldar. Það svæði er utan skipulagsreits. Engar minjar hafa fundist um allt miðbik reistins, enda var Grjótkelduflói ekki æskilegt land til bygginga eða ræktunar áður en hann var ræstur fram eftir miðja 20. öld.

Heimildir

Óprentaðar heimildir

Héraðsskjalasafn Akraness

Guðmundur Valsson, Landamerki Akraneskaupstaðar austan Berjadalsár, ópr. handrit Akranesi 28.4.2017.

Landmælingar Íslands, Akranesi

Loftmyndasafn: AMS-123411103 (1945), Li2-4070 (1954), A-5665(1963), A-7911 (1965).

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, Reykjavík

Örnefnaskrá Óss, Garða, Heyness

Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík

0038-1928-011-B-B14-0022-27. Örk: 27 Kassi: 0022. 1802-1802. Bréf Ohlsens lautinants justitsráðs Jensens um kort yfir Akranes.
Landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðasýslu I-II

Prentaðar heimildir

Byggðir Borgarfjarðar I-II., án útgst., Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1989.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Gunnlaugur Haraldsson (1996). Akraneskirkja 1896-1996: ásamt ágripi af sögu Garða og Garðakirkju á Akranesi. Akranes: Akraneskirkja.

Gunnlaugur Haraldsson (2011) *Saga Akraness*, I-II. Akranes, Uppheimar.

JÁ: Árni Magnússon & Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, Kh., Hið íslenzka fræðafélag, 1913.

Viðauki 1. Skrá yfir fornleifar

BO-041:020 Vörðuhús bústaður
Heynesmáldagi 1368: Mariu kirkia a Heynese a heimaland halftt. vordu hus halftt med ollum gognum og giædum. DI III 249-250. 1397: Mariukirkia ä Heynesi a halft heimaland oc Vorduhvs halftt. med ollumm gognumm oc giædumm. DI IV 196-197 [1491-1518]: Þar liggur til heimaland halft og waurduhus half med aullum gædum þeim sem adur fylgdu heynesi og þeim er þorbiorn keypti til kirkunnar. DI VII, 56-57. 1575: Kirkian ä Heijnese ä hälftt heimaland og Vorduhus hälftt med ollum giiædum. DI XV, 630. Staðsetning bæjarins er óþekkt.
Heimildir: DI III 249-250; DI IV 196-197; DI VII, 56-57; DI XV, 630.

Bo-056:060 vörður á Merkisásum 355420 429177
„á syðsta parti Slögunnar fylgja þau [landamerki Garða og Ytra-Hólms 1890] vörðum, er bera hver í aðra eftir Merkisásunum svo langt sem syðsti partur Slögunnar nær“. Vörðurnar eru horfnar.
Heimildir: Landamerkjabók Mýra- og Bargarfjarðarsýslu II, nr. 271, dags. 1. júní 1890

Bo-056:056 leið 356103 429277
Leið frá Görðum til NNA, um klapparholt upp að Garðaseli, meðfram Berjadalsá upp að Fosskoti og norður yfir Slögu.
Heimildir: Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík: 0038-1928-011-B-B14-0022-27. Örk: 27 Kassi: 0022. 1802-1802. Bréf Ohlsens lautinants justitsráðs Jensens um kort yfir Akranes.

BO-056:061 tóft 355038 429151
Tóftirnar eru á þurrum bala við bakka Berjadalsár, um 20 norðan ár, og um 200 m NA við Garðasel, handan ár. Um 30 m neðar við ána er tóft Bo-056:062. Tóftin er ógreinileg, en er um 10 m x 6 m, og snýr SV-NA. Hún virðist grafin norður inn í bakkann ofan við ána, og suðurendi hlaðinn.

BO-056:062 tóft 355022 429181
Tóftirnar eru á þurrum bala við bakka Berjadalsár, um 20 norðan ár, og um 200 m NA við Garðasel. Tóftin er ógreinileg, um 10 m x 8 m, og skiptist í 2 hólf sem snúa NA-SA. Syðra hólfið er ferhyrnt, um um 5x5m og jafnvel byggt ofan í eldri tóftir. Norðanmegin við hana er aflangt hólf u.þ.b. 6x3 m.

BO-083:012 Móholt mógrafir 354771 430253
Beint upp af bænum, ofan við þjóðveg er Bæjarholt, þar fyrir utan er annað holt, Móholt. Það er nánast beint upp af Reiðskarði, sem er áberandi skarð í sjávarbakkann neðan vegar. Holt í mýrarflóa. Örnefnið gefur til kynna að þar hafi verið tekinn mór, en engin ummerki um mótekju sáust við vettvangsrannsókn.
Heimildir:Ö-Ós, 2

BO-083:015 Grænarúst tóftir 356102 430380
"Niður undir Slögunni er stór gilmyndun, er heitir Tröllahvammur, og þar niður af í flóanum heitir Grænarúst, þar hafa verið beitarhús," segir í Örnefnalýsingu Grænarúst fannst ekki við vettvangskönnun 2003 en kom í leitirnar 2023.
Heimildir:Ö-Ós, 3-4

BO-083:016 Óskot býli
"Oskot, partur af þessari jörðu úrskiftur fyrir 30 árum, og þar bær gjör sem nú er kotið fáum árum áður," segir í Jarðabók Árna Magnússonar. Ekki er vitað hvar Óskot stóð, en líklegt að það hafi staðið þar sem Grænarúst er. Heimildir: JÁM, 114.